

Aðalfundur Félags starfsmanna stjórnarráðsins 26. október 2022

haldinn í húsakynnum Mennta-og barnamálaráðuneytis

Formaður FSS Þórveig Þormóðsdóttir setti fundinn og gerði að tillögu sinni að fundarstjóri yrði Anna Rósa Gestsdóttir og fundarritari Halla Guðmundsdóttir, var það samþykkt.

Skýrsla stjórnar:

Fundinn átti að halda síðastliðið vor, en ekki haldin fyrr en núna. Miklar breytingar voru gerðar í ráðuneytunum þegar ný ríkisstjórn tók við í lok árs 2021. Félagsmönnum í FSS hefur fækkað og erum við nú 177, þar sem háskólamenntað fólk er nánast einungis ráðið inn, en UMBRA hefur þó verið duglegt við að ráða í FSS. Við erum eitt fámennasta félagið innan BSRB. En heildarsamtökin BSRB hafa lengi viljað að félög sameinist og verði við það öflugri í þjónustu við félagsmenn.

Vefsetur FSS er www.fss.bsrb.is

Engir atburðir voru 2021 vegna covid, og spurningin er hvort við eigum að halda jólaball 2022.

Sumarhúsin eru stærsta verkefni FSS.

Hrísholt var tekið í gegn sumarið 2021, skipt var um raflagna- og pípulagnakerfi, baðið tekið í gegn og ný eldhúsinnrétting og gólfhiti settur í húsið. Nú er fyrirhugað er að setja nýjan heitan pott við húsið í vetur.

Flatey þar er komin tími á að mála húsið og jafnvel skipta um járn á þakinu, þar sem það var gallað og líklega ekki hægt að mála það.

Munaðarnes þar var lagað til sl. vor í kringum húsið, tröppur endurnýjaðar, sett upp ljós og pallurinn málaður. Væntanlega verður húsið málað að utan næsta vor.

Akureyri þar er komin tími á ýmislegt og til umræðu kom enn einu sinni að selja það og kaupa nýtt sumarhús eða íbúð.

Veiðikort verða til sölu mjög fljótlega og gjafakort Icelandair eftir áramót fólk getur keypt gjafakort á 15 þúsund kr. sem er með 25 þúsund kr. inneign og gildir í 4 ár. Einnig verði skoðað hvort Play bjóði upp á kaup á gjafakortum með afslætti til stéttarféлага.

Félagsmenn hafa aðgang að starfsmenntunarsjóði þar er hægt að fá 110 þús. kr. styrki á 2ja ára fresti og starfsþróunarsjóði sem veitir allt að 370 þús. kr. styrki á 2ja ára fresti. Þá hafa félagsmenn aðgang að forvarnarstyrkjum og sjúkradagpeningum úr Styrktarsjóði BSRB. Þá er minnt á Starfsmennt sem býður félagsfólki uppá ýmis konar námskeið að kostnaðarlausu.

Kjarasamningurinn er en í gildi 2020-2023, en vilji er til þess að festa inn í næstu kjarasamninga styttingu vinnuvikunnar í 36 tíma, en í gildandi samningi er heimild til styttingar vinnuvikunnar, en sú heimild er misvel nýtt í stjórnarráðinu.

Ársreikningur 2021 var kynntur af Guðbrandi Jónssyni gjaldkera, einnig svaraði hann spurningum fundarmanna um einstaka liði. Ársreikningurinn síðan samþykktur.

Kosning stjórnar til næsta aðalfundar. Fyrir lá tillaga stjórnar um sömu aðila og verið hafa. Á fundinum kom fram eitt tilboð um setu í stjórn og var því vel tekið og stjórnin þannig kosin:

Formaður: Þórveig Þormóðsdóttir kt: 110556-3819

Aðrir í stjórn: Margrét Sigurðardóttir kt: 170159-3149, Anna Rósa Gestsdóttir kt: 041271-3029, Guðbrandur Jónsson kt: 180261-4869, Ásdís Gríma Jónsdóttir kt: 071279-5109.

Varastjórn: Sigríður Lúðvíksdóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Halla Guðmundsdóttir

Endurskoðendur: Þorvaldur Egilson og Lilja Friðvinsdóttir

Önnur mál:

Haldið áfram að ræða orlofshúsin og hvort svo fámennt stéttarfélag geti haldið úti 4 orlofshúsum, en viðhald þeirra er að verða nokkuð þungt. Fram kom tillaga um að stjórnin skipaði einhvers konar húsanevnd sem fengi það hlutverk að taka út húsin og leggja til aðgerðir. Slíkar aðgerðir gætu verið endurnýjun húsa eða sala. Þessi tillaga fékk góðar undirtektir og mun stjórnin taka hana til framkvæmda.

Fleira ekki gert og fundi slitið en boðið uppá veitingar eftir fundinn.

Halla Guðmundsdóttir, fundarritari

Anna Rósa Gestsdóttir, fundarstjóri